

**Hekluskógar**

**14 243**

**Ársreikningur 2018**

## **Efnisyfirlit**

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Hekluslógar**  
**Kt. 500907-0530**  
**Austurvegur 1-3, 800 Selfoss**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hekluskógar er ríkisaðili í A-hluta sem hefur það að hlutverki að endurheimta birkiskóga og víðikjarr í nágrenni Heklu sem minnka myndu vikurfok í kjölfar gjóskugosa úr eldfjallinu. Verja þar með lönd í nágrenni fjallsins fyrir jarðvegseyðingu

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 17 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 40,7 milljónir og afkoma kr. -0,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 7,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hekluskóga í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hekluskóga fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

22.10'2019

Staður, dags.

Alvinn Gudmundsdóttir

Forstöðumaður

## Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	3	36.900.000	48.256.032
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	2.908.016	3.122.656
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	3	<u>887.415</u>	<u>1.397.518</u>
<b>Tekjur samtals</b>		<b>40.695.431</b>	<b>52.776.206</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	5.596.198	4.568.244
Annar rekstrarkostnaður .....	6	34.775.138	48.134.094
Afskriftir .....	7	<u>887.415</u>	<u>1.397.518</u>
<b>Gjöld samtals</b>		<b>41.258.751</b>	<b>54.099.856</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(563.320)</b>	<b>(1.323.650)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(18.876)</u>	<u>(54.321)</u>
		<b>(18.876)</b>	<b>(54.321)</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b><u>(582.196)</u></b>	<b><u>(1.377.971)</u></b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		99.746	199.459
Farartæki og vélar .....		4.823.986	5.481.116
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>4.923.732</u>	<u>5.680.575</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Handbært fé .....	9	2.452.681	3.209.835
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>2.452.681</u>	<u>3.209.835</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>7.376.413</u>	<u>8.890.410</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		(1.976.498)	(1.394.302)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(1.976.498)</u>	<u>(1.394.302)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	11	450.513	1.074.960
Viðskiptaskuldir .....		3.792.527	3.411.288
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	316.711	117.889
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	4.793.160	5.680.575
		<u>9.352.911</u>	<u>10.284.712</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>9.352.911</u>	<u>10.284.712</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>7.376.413</u>	<u>8.890.410</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(582.196)	(1.377.971)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	887.415	1.397.518
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(887.415)	(1.397.518)
		<u>(582.196)</u>	<u>(1.377.971)</u>
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		0	80.000
Skammtímaskuldir .....		580.061	2.058.573
		<u>580.061</u>	<u>2.138.573</u>
		<u>(2.135)</u>	<u>760.602</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(130.572)	(5.766.464)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	1.522.496
		<u>(130.572)</u>	<u>(4.243.968)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		(624.447)	(953.310)
Fjárfestingarframlag .....		0	4.243.968
		<u>(624.447)</u>	<u>3.290.658</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(757.154)	(192.708)
		<u>3.209.835</u>	<u>3.402.543</u>
		<u>2.452.681</u>	<u>3.209.835</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

## Skýringar

	2018	2017
<b>3 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	36.900.000	52.500.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(4.243.968)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	36.900.000	48.256.032
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	887.415	1.397.518
	<u>37.787.415</u>	<u>49.653.550</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	36.900.000	0	0	36.900.000
Fjárveiting til tekna .....	<b>36.900.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>36.900.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(37.482.196)	0	0	(37.482.196)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....	<b>(582.196)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(582.196)</b>

	2018	2017
<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	2.900.000	3.170.000
Ýmsar tekjur .....	8.016	(47.344)
	<u>2.908.016</u>	<u>3.122.656</u>

### 5 Laun og launatengd gjöld

Laun .....	4.169.626	3.505.567
Orlof, breyting .....	198.822	117.889
Launatengd gjöld .....	<u>1.227.750</u>	<u>944.788</u>
	<u>5.596.198</u>	<u>4.568.244</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	0,5	0,5

## Skýringar

	2018	2017	
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>			
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	32.362	0	
Ýmis tæki og áhöld .....	13.410	0	
Orkugjafar .....	540.825	223.826	
Almennar rekstrarvörur .....	2.827.374	2.700	
Vörukaup, almenn	3.413.971	226.526	
Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar .....	13.819.724	31.893.850	
Vörukaup, sérgreind	13.819.724	31.893.850	
Fundir, námskeið, risna .....	9.500	0	
Ferðir, uppihald .....	47.605	0	
Akstur .....	0	63.480	
Sérfræðiþjónusta .....	173.249	35.130	
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	4.174	0	
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	11.036	17.459	
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	7.350	0	
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	252.914	116.069	
Afnotagjöld .....	266.823	181.571	
Leigugjöld .....	550.000	209.502	
Notkun véla og flutningatækja .....	179.180	0	
Verkkaup .....	15.133.198	15.103.091	
Tryggingar, lögboðnar .....	239.597	333.235	
Opinber gjöld .....	8.300	20.250	
Tilfærslur .....	911.431	50.000	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	17.288.529	15.897.649	
Annar rekstrarkostnaður samtals	34.775.138	48.134.094	
<b>7 Afskriftir</b>			
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. ....	99.713	99.713	
Farartæki og vélar .....	787.702	1.297.805	
	887.415	1.397.518	
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>	
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður .....	99.746	199.459	
Farartæki og vélar .....	4.823.986	5.481.116	
	4.923.732	5.680.575	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:			
	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Farartæki og vélar</b>	<b>Samtals</b>
Staða 1.1.2018 .....	299.172	7.790.747	8.089.919
Viðbætur á árinu .....	0	130.572	130.572
	299.172	7.921.319	8.220.491
Afskriftir 1.1.2018 .....	99.713	2.309.631	2.409.344
Afskrift ársins .....	99.713	787.702	887.415
	199.426	3.097.333	3.296.759
Staða 31.12.2018 .....	99.746	4.823.986	4.923.732

## Skýringar

	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
<b>9 Handbært fé</b>		
Tékkareikningar .....	2.452.681	3.209.835
	<u>2.452.681</u>	<u>3.209.835</u>

### 10 Elglö fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	(1.394.302)	(16.331)
Afkoma ársins .....	(582.196)	(1.377.971)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(1.976.498)</u>	<u>(1.394.302)</u>

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

	<b>0.1.1900</b>	<b>0.1.1900</b>
<b>11 Tengdir aðilar</b>		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	429.416	915.458
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	21.097	159.502
	<u>450.513</u>	<u>1.074.960</u>

### 12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	316.711	117.889
	<u>316.711</u>	<u>117.889</u>

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	4.923.732	5.680.575
Ráðstafað umfram fjárveitingu til fjárfestinga .....	(130.572)	0
	<u>4.793.160</u>	<u>5.680.575</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018 .....	5.680.575	0	5.680.575
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	130.572	(130.572)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(887.415)	0	(887.415)
	<u>4.923.732</u>	<u>(130.572)</u>	<u>4.793.160</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 0,8 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

## Skýringar

### 14 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning til ársloka 2022 vegna plöntukaupa og ótímabundin þjónustusamningur vegna hugbúnaðar. Árlegar greiðslur vegna plöntukaupa nema 10,5 milljónum kr. og vegna hugbúnaðar 0,2 milljónum kr.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Á ekki við.

#### *Atburðir eftir reikningskiladag*

Á ekki við.